

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 151/2014****2014/EES/71/38****frá 27. júní 2014****um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum
utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rétt er að auka samstarf aðilanna að EES-samningnum þannig að það taki til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1296/2013 frá 11. desember 2013 um áætlun Evrópusambandsins um atvinnumál og félagslega nýsköpun (EaSI) og um breytingu á ákvörðun nr. 283/2010/ESB um að koma á fót evrópskri örfjármögnunarleið innan Progress-áætlunarinnar í þágu atvinnu og félagslegrar aðlögunar ⁽¹⁾.
- 2) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við EES-samninginn til þess að aukið samstarf geti hafist 1. janúar 2014.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði 15. gr. bókunar 31 við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Orðin „og sem er sinnt fyrir 1. janúar 2014,“ bætist við á eftir orðunum „1. mgr.“ í 2. mgr.
2. Eftirfarandi bætist við í 8. mgr.:

„– **32013 R 1296**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1296/2013 frá 11. desember 2013 um áætlun Evrópusambandsins um atvinnumál og félagslega nýsköpun (EaSI) og um breytingu á ákvörðun nr. 283/2010/ESB um að koma á fót evrópskri örfjármögnunarleið innan Progress-áætlunarinnar í þágu atvinnu og félagslegrar aðlögunar (Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 238).

Liechtenstein er undanþegið þátttöku í áætlun þessari og fjárframlögum til hennar. Noregur skal aðeins taka þátt í EURES-þætti áætlunarinnar og leggja fram fé til hans.“
3. Texti 5. mgr. hljóði svo:

„EFTA-rikin skulu taka þátt í starfsemi Bandalagsins sem um getur í fyrsta undirlið 8. mgr. frá 1. janúar 1999, í starfseminni sem um getur í öðrum undirlið frá 1. janúar 2003 og í starfseminni sem um getur í þriðja undirlið frá 1. janúar 2014.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hefur borist (*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2014 að telja.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 238.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. júní 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.